

Nr. 021/ 12 Selfoss***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 8914556
Smíðaður: Danmörku 1991, stál
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW
Mesta lengd: 127 m
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m
Vél: MaK 5.400 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarbók



Selfoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. janúar 2012 var Selfoss við bryggju í Reykjavík.

Skipverji var að vinna við skálkun á lúgu þegar tessajárnið sem hann notaði hrökk af tessa með þeim afleiðingum að þumalfingur vinstri handar hans varð á milli járnsins og lúgunnar. Skipverjinn fór til læknis en reyndist óbrotinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.